

| |
|----------------------------|
| Umhverfisstofnun |
| Áb. <u>SRB</u> |
| 23 jan. 2019 |
| <u>08.12.01</u> |
| Tilv. <u>VST201701-039</u> |

LANDSSAMBAND VEIÐIFÉLAGA

Bændahöllinni v/Hagatorg • 107 Reykjavík
Sími 563 0300 • www.angling.is • angling@angling.is



Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Reykjavík, 18. janúar 2019

Efni: Tillögur að starfsleyfi Fiskeldis Austfjarða h.f. í Berufirði og Fáskrúðsfirði.

Athugasemdir Landssambands veiðifélaga.

Landssamband veiðifélaga mótmælir þeirri fyrirætlan Umhverfistofnunar, sem fram kemur í auglýstum drögum, að gefa út eitt og sameiginlegt starfsleyfi til handa Fiskeldi Austfjarða h.f. vegna eldis á frjóum og ófrjóum laxi í Berufirði annarsvegar, og Fáskrúðsfirði hins vegar.

Í drögum að starfsleyfi í Fáskrúðsfirði segir að :

„Eldið er að jafnaði á einu eldissvæði í senn, einn árgangur sem alinn er í 18-24 mánuði. Að loknu því tímabili er svæðið hvíld í 9-12 mánuði milli eldislota. Priðja eldissvæðið er til vara.“

Í drögum að starfsleyfi í Berufirði segir að:

„Eldið er að jafnaði á tveimur eldissvæðum í senn, tveir árgangar eru aldir í 18-24 mánuði. Að loknu því tímabili eru eldissvæðin hvíld í 9-12 mánuði milli eldislota.“

Landssambandið bendir á að hér er um aðskilda starfsemi að ræða sem ekki má blanda saman í útgefnum leyfum. Í fyrilliggjandi drögum til breytinga á lögum um fiskeldi er gert ráð fyrir því að eldi á geldfiski verði haldið sér og gefin út sérstök eldisleyfi til þeirra sem halda geldstofna í sjókvíum. Sama stefna var mörkuð í skýrslu starfshóps um stefnumörkun í fiskeldi sem skilaði skýrslu á s.l. ári. Landssambandið telur því að nú, þegar umsóknir berast um leyfi til aðala geldfisk í sjókvíum, sé nauðsynlegt að móta þá grundvallarreglu að fyrir slíku eldi verði almennt gefin sérstök leyfi. Þeim leyfum verði ekki blandað saman við leyfi til eldis á frjóum fiski sem eðli málsins lúta strangari takmörkunum í ljósi áhættumats um erfðablöndun.

Landsamband veiðifélaga vekur athygli á að í matsskýrslu framkvæmdaraðilans er áformum hans lýst með þeim hætti að:

„Eins og fram hefur komið í kafla I þá mun Fiskeldi Austfjarða hf., bjóði lög svo, bæði nota frjóan lax og geldlax í tengslum við eldið í Beru- og Fáskrúðsfirði. Miðað við fyrilliggjandi áhættumat mun félagið ala 9.800 tonn í Berufirði, þ.e. 6.000 tonn af fíjóum laxi og 3.800 tonn af geldlaxi. Í Fáskrúðsfirði myndi félagið miðað við sama áhættumat ala 11.000 tonn af laxi, 6.000 tonn af frjóum laxi og 5.000 tonn af geldlaxi. Með þessu yrði, bjóði lög svo, komið til móts við tillögur Hafrannsóknarstofnunar samkvæmt áhættumatinu og einnig eru þessar tölur í samræmi við birt burðarþolsmöt fjarðanna.

Landssamband veiðifélaga styður heilshugar áform um notkun geldstofna laxa í sjókvíaeldi í stað frjórra fiska. Í því sambandi er mikilvægt að öll útgáfa leyfa taki mið af áhættumati Hafrannsóknarstofnunar. Verði eldisaðferðum hrært saman líkt og fyrirhugað er í fyrirliggjandi drögum geta þær aðstæður skapast að freusting geti orðið aðala frjóan fisk í blóra við geldlax. Landssambandið bendir á að eftirlit með sjókvíaeldi við Ísland er ófullnægjandi. Sú aðferð að setja leyfi til mismunandi eldiaðferða í sömu grautarskálina er aðeins til þess fallin að auka álag á eftirlitsaðila og torvelda nauðsynlegt eftirlit.

Líkt og sjá má á heimasíðu Umhverfisstofnunar ([Áminning og krafa um úrbætur. 16. Janúar 2018](#)) sætti umsækjandi áminningu í upphafi ársins 2018 vegna misræmis milli skráninga í grænu bókhaldi fyrirtækisins. Útskýringar rekstraraðilans vegna mismunrar á skráningu fyrirtækisins á úrgangi og töluum frá urðunarstað voru meðal annars að:

„Rekstraraðili hafi vísvitandi lagt fram minna magn en í raun fór til urðunar, til að lækka urðunarkostnað“.

Af þessu atviki og útskýringum rekstraraðilans Fiskeldi Austfjarða verður aðeins ráðið að ekki er hægt að bera fullt traust til þess að verkbókhald fyrirtækisins sé rétt fært eða verlagsreglum fylgt.

Að framangreindu virtu telur Landssambandið að skoða þurfi hvort ástæða sé til að gerð verði heildarúttekt á innra eftirliti og verklagi umsækjanda áður en til þess kemur að honum verði veittar heimildir til að auka starfsemi sína skv. fyrirliggjandi starfsleyfisumsóknum.

Virðingarfyllst,
fh.
Landssambands veiðifélaga


Jón Helgi Björnsson,
formaður LV